REGLUGERÐ

um Orðabók háskólans.

1. gr.

Orðabók háskólans er háskólastofnun og heyrir undir rektor og háskólaráð, sbr. 80. gr. háskólareglugerðar.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að safna efni og semja sögulega íslenzka orðabók frá upphafi prentaldar á Íslandi. Að því loknu má fela stofnuninni önnur skyld verkefni.

3. gr.

Stjórn Orðabókar háskólans skal hafa á hendi yfirstjórn Orðabókarinnar á vegum rektors og háskólaráðs. Hún skal kosin af háskólaráði, að fengnum tillögum heimspekideildar, til fjögurra ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum. Rektor skipar einn þeirra formann stjórnarinnar og ákveður þóknun til hans að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

4. gr.

Aðalstarfssvið stjórnar Orðabókarinnar er þetta:

a. Stjórnin skal hafa yfirumsjón með orðabókarstarfinu og skipulagninu þess. Skal formaður hennar koma að minnsta kosti vikulega í stofnunina og fylgjast með því, sem gert er, ræða þau vandamál, sem upp kunna að koma við aðalritstjóra og aðra starfsmenn stofnunarinnar.
b. Stjórnin hefur, í samráði við rektor og aðalritstjóra, ráðstöfunarrétt á húsnæði Orðabókarinnar, ef óskað er eftir að nýta það til annars en þarfa Orðabókarinnar, þó svo að það rekist ekki á starf hennar.
c. Stjórnin skal, í samráði við aðalritstjóra, gera áætlanir til rektors um árlega fjárþörf Orðabókarinnar.
d. Ráðherra ræður starfslið Orðabókarinnar að fengnum tillögum stjórnar og háskólaráðs. Ráðherra getur falið stjórn stofnunarinnar ráðstöfun starfa til eins árs eða skemmri tíma enda sé fjárveiting fyrir hendi. Um starfskjör fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

5. gr.

Rekstur stofnunarinnar er kostaður af ríkisfé, samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

Aðrar tekjur eru þessar:

a. Styrkir til rannsókna eða greiðsla fyrir umbeðin verkefni.
b. Gjafir.

Öflun tekna á þann hátt, er greinir í 2. málsgrein, er háð samþykki stjórnarinnar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Háskóla Íslands nr. 60 7. júní 1957, 42. gr. og 80. gr. háskólareglugerðar nr. 76 17. júní 1958, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 6. maí 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.